

Dómur áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2012, föstudaginn 24. ágúst 2012, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Jóhannesar Alberts Sævarssonar, Borgartúni 25, Reykjavík, af Jóhannesi Albert Sævarssyni (dómsformaður), Lúðvík Erni Steinarrssyni og Guðmundi Þórðarsyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 3/2012

Knattspyrnufélagið Valur

gegn

Íþróttafélaginu Leikni

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

Dómur

I

Mál þetta dæma Jóhannes Albert Sævarsson, Lúðvík Örn Steinarsson og Guðmundur Þórðarson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp 14. ágúst 2012, þar sem leikur Leiknis/KB gegn Val í 2. flokki karla B sem fram fór þann 20.07.2012 var úrskurðaður Val tapaður með markatölunni 0-3 og þá var Knattspyrnufélaginu Val, knattspyrnudeild gert að greiða krónur 10.000 í sekt til KSÍ.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 21. ágúst 2012 þar sem Knattspyrnufélagið Valur gerir eftifarandi kröfur:

Að úrslit í leik Leiknis/KB gegn Val í 2. flokki B-liða, sem fram fór þann 20.07.2012 og lyktaði 0-2 fyrir Val verði látin standa óbreytt, en til vara að leikurinn verði láttinn fara fram að nýju.

Ekki liggur fyrir greinargerð varnaraðila í málinu.

II

Helstu málavextir eru þeir að þann 14. ágúst 2012 fór fram leikur Leiknis/KB og Vals í 2. flokki B-liða karla. Leiknum lyktaði með 2-0 sigri Vals. Leiknir sendi kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem móttokin var 27. júlí s.l. Kæruefnið var að í umræddum leik gegn Leikni/KB voru fjórir leikmenn úr byrjunarliði 2. flokks A-liðs Vals frá næsta leik á undan, mættir til leiks í B-liði 2. flokks Vals.

Kærðan var tekin fyrir á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 14. ágúst 2012 þar sem leikurinn 20.07.2012 var úrskurðaður Val tapaður með markatölunni 0-3 og jafnframt var Val gert að greiða 10.000 króna sekt til KSÍ.

III

Áfrýjandi byggir kröfur sínar einkum á því að bæði liðin hafi verið ólöglega skipuð, en einungis annað liðið hafi kært. Leikskýrsla hafi verið fyllt út eftir að leik lauk og er áfrýjanda ljóst að mistök hafi verð gerð við liðsskipan Vals í umræddum leik sem hafi skapast af sérstökum aðstæðum, sumarleyfum leikmanna og keppnisferðum í útlöndum, og því hafi sú ákvörðun verið tekin að notast við leikmenn sem vitað var að ekki voru löglegir. Þá hafi dómarar leiksins verið leikmenn úr 2. flokki Leiknis sem báðir hafi leikið síðasta A-liðs leik gegn KA.

Áfrýjandi hefur viðurkennt að hafa notað ólöglega leikmenn úr A-liði 2. flokks félagsins í leik með B-liði gegn Leikni/KB. Slíkt er brot gegn ákvæðum greinar 25.1.6. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Engu breyti þó svo Leiknir/KB kunni einnig að hafa teftit fram ólöglegum leikmanni í sama leik. Áfrýjandi kærði ekki það ætlaða brot og er það því ekki til umfjöllunar í þessu máli.

Með vísan til greinar 7.6. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, sbr. grein 8.3. í reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ, þá telur dómsformaður augljóst að brotið hafi verið gegn reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og er því ákvörðuð flýtimeðferð málsins. Þá telur dómsformaður bersýnilega þýðingarlaust að kalla eftir sérstakri greinargerð frá varnaraðila eða krefjast þess að hann upplýsi sérstaklega um hvort hann hyggst hafa upp varnir í málinu. Slíkt verður ekki talið hafa neina þýðingu og leiði aðeins til tafa á meðferð málsins.

Samkvæmt öllu framansögðu er hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Jóhannes Albert Sævarsson

Lúðvík Örn Steinarsson

Guðmundur Þórðarson